

Hamingja Íslands

I.
Íslenskri framtíð stendur það á mjög miklu, hvort menn í mynda sér, að tunga vor, íslenskan, sé einhver málýska, sem skapast hafi hér í fásinninu, eða íslenski menningin hafi beðið hinni mikla ósigur á 13. öld, eða menn vita, að hún er lífandi það forn-mál, sem fyr á öldum gekk yfir Norðurlönd öll, og nokkurn hluta Rússlands, Englands, Skotlands, Írlands og Frakklands. Að forn-mál það, sem göfugast hefir verið, er lífandi hér, getur, ef vel er á haldið, orðið oss (og öðrum), meira virði, en þó að hér í landi væri gull og ginstearar. Ef vel er á haldið, segi eg, því að talavert betur þarf að vera í þeim efnum en verið hefir, ef duga skal. Og að norrænna sé göfugasta mál, má ekki vera neitt tilfinninga-tal; vér verðum að geta rökstutt það vísindalega. Vér verðum að stofna þá grein málfræði, sem nefna mætti glöðsöfi eða logosofi.

II.
Breytingar hafa orðið á málinu, það er auðvitað, bæði á fram-burði (minni þó en ætlað er), orðaforða og orðaskiftum. En muna verður eftir því, að þær breytingar eru ekki allar í áttina frá fornmalinu. Síðan á 18. öld, og einkum síðan á fyrri hluta 19. aldar, eru margar breytingar í áttina til fornmalins, og er það fá-einum mönnum að þakka mest, að tungan, sem mjög var farin að spillast, hefir rétt við. Og líkt virðist hafa verið áður. Mjög nærri virðist hafa legið um 1100, að Íslendingar tækju upp latínu sem ritmál; og þá hefði tungan tapast. En nú verður því ekki með rökum mótmælt, að norræn-an lífir hér enn. Nægir þar að minna á vísur undrabarna, sem Egill hét, og ort er snemma á 10. öld: Þat mælti mín móðir, o. s. frv. Reyni menn að spyrja íslensk börn 8—10 ára, hvaða mál sé á þeirri visu. Eða hverjum myndi koma til hugar að þýða þyrfti á "ný-íslensku" Norðurlandasögu Snorra eða Njálu eða Egilssögu? Mönnum mun ekki koma slíkt til hugar, fyr en þeir finna þörf á að þýða á íslensku "Grasferð" Jón-arar.

III.
Til þess að skilja til fulls, hvers vegna það er svo mikils vert, að

fornmálið hefir varðveitt hér á landi verður að skilja betur Norð-urldandasögu, en gert hefir verið. Og á skilningur verður að koma héðan, þó að ekki sé hér vænlegt að vera vísindamaður. Vér verð-um að treysta oss til að vera á ein- hverju andans svæði leiðtogar, og auðvitað þannig, að vér höfum rétt til að treysta oss. Sjálf- traust nautskunnar mundi oss verða að engu liði. Hefi eg um þetta atriði ritað nokkuð í öðrum stöðum, og mun ræða það mál enn frekar síðar. En hér vil eg vekja athygi á því, sem jafnvel hinir lærdustu menn hafa litla eftirtekt veitt, hversu skaðlegt það hefir verið fyrir oss, að menn vita það ekki út um lönd, eða vita það ekki nógu vel, að forntunga Norð-urldanda er hér lífandi mál. Aldrei hafa menn fundið neina þörf á því að Íslendingur væri fenginn til að kenna norrænu við háskólana í Norvegi. Svipjóð eða á Þýzka-landi, og víðar. Hvernig halda menn að standi á því? Og hvers virði halda menn að það gæti orðið íslenskri menningu (og þó ann-ari líka), ef alt af væri einhver íslenskur kennari við alla helstu há-skóla?

IV.
Og svo á hinn veginn. Háskóli hefir hér verið stofnaður. Eins og hálf-hikandi að visu, og af ekki miklu trausti á framtíð þjóðarinnar og þýðingu vísindanna; en há-skóli er hér þó settur á stofn, og við hann starfa merkismenn. Íslenskukennarinn fyrsti var mjög kunnur norrænufræði og eftirtekt-arverður kennari er hér í sögu (þó hann fái ekki að heita pró-fessor). Að visu hafa ástæður síðan 1914 verið eins illar og kunnugt er. En þó virðist nú þegar mega sjá, að áhugi útlend-inga á að koma hingað til að læra norrænu, er minni en veram undi, ef menn vissu nógu vel, að hér er norrænna lífandi mál, og verður hvergi lærð eins vel og í háskóla Íslands.

IV.
I Noregi eru margar mállyzkur, sem þó aðallega má skifta í tvo flokka, ef ritmálið væri að marka; er í öðrum flokknum slæm danska, en í hinum — danska enn þá verri. Hjá Norðmönnum er, — eins og þegar má marka af því, að ekki skuli vera fengnir Íslend-ingar til að kenna norrænu við há-skólana þar — nokkur tilhenging til að líta niður á Íslendinga. Sú skoðun hefir jafnvel gert vart við sig þar, að vér Íslendingar munum

vera mest þræla ættar, og er það hin mesta fjarstæða, að ætla slíkt. Hins vegar er hjá Íslendingum rík og eðlileg tilhneiging til að meta Norðmenn mjög mikila. Og er það að vonum. Norsk alþýða er ef til vill merkilegasta alþýða Ev-rópu, en er litils virt í sínu eigin landi, mállaus — liggur mér við að segja — og nýtur sín ekki. Norsk tónlist, norskur skáldakap-ur, og margt fleira norskt, sýnir, þó að oft sé vel að verið, að hið norræna er ekki komið til sögunnar enn þá til fulls í Noregi. Og það mun aldrei verða, heldur mun klofningur sá, sem nú er, verða enn háskalegri, ef Norðmenn ná ekki aftur málinu, því máli, sem er á kvæðum Þjóðólfs og Eyvind-ar og á Konungækuggja.

V.
Verið með oss um verið veðr, nú's brim fyrir jaðri kvað Þjóðólfr, og er sú vísa meir en 1000 ára gömul.

VI.
Það sem Norðmenn kalla 'lands-maal', er tæpast mannamál, eða ekki hvíttra manna, og hefir sízt slíkri þjóð. Er mér grunur á, að sumt minni þar á Bantu-málin í Afríku. En endurreisn hins forna máls í Noregi, og þar með nor-rænnar menningar, mun verða miklu auðveldari en ætlað er, ef rétt er að farið. Verður að neyta þess, að norrænna er enn þá lif-andi mál.

Gerir Íslendingar út einhverja góða málfræðinga til þess að rann-saka hvernig talað er í Noregi. Mun þá koma í ljós, að meira er eftir af fornu máli, hugarfarið nær hinu forna máli, en ætla mætti af því, hvernig ritað er. Mundi þess konar rannsóknarfor geta orðið Norðmönnum til mikils gagns og eins Íslendingum; mundi hún greiða fyrir skilningi á því, sem mjög ríður á að vita, að vel má endurreisa norrænt mál í Noregi — en án þess þá veði, fá Norð-menn ekki sýnt, hvað í þeirri á-gætu þjóð býr — og eins á því, að án aðstoðar Íslendinga getur sú endurreisn ekki orðið.

VI.
Fögur er sú framtíð, sem Norð-urldönd eiga í vændum, ef nor-ræn menning verður endurreist. Og minnst verður þess, hve mjög margt stórmenni jarðar er af Norðurlöndum ættað. Rússneska ríkið var stofnað frá Svipjóð. Heimsríkið brezka hefir stofnað verið af mönnum, ættuðum frá Noregi og Danmörku mest. Margt

Heimskringla

til næstu áramóta fyrir

25 cent.

Nýtt kostaboð.


Nýir áskrifendur, er senda oss 75 cts. fyrir söguna "Viltur Vegar" og 25 cts. aukreitis, fá blaðið sent sér til næstu áramóta. Þetta kostaboð stendur aðeins stuttan tíma.

Kaupendur blaðsins gerðu oss mikinn greiða, ef þeir 'vildu' góðfúslega benda ná-grönnum sínum, sem ekki eru áskrifendur, á þetta kostaboð-

The Viking Press Ltd.

Box 3171 -- Winnipeg.

U. S. Tractor.



REAR VIEW

Þessi mynd sýnir hægri hliðina á þessari Gasólin Dráttarvél. Takið eftir hvað sterkleg vélin er, og hvað þægilegt er stjórna henni. Stór pallur er á henni til að flytja á auka gasólin og vatn. Tólaassinn er lokaður, stálgormur er á dráttarhekknum (draw bar) til að verja ríkk þegar vélin fer af stað. — Þessi vél kostar \$815.00 F.O.B. Winnipeg, Man. Abyrgð í 12 mánuði. Komið og sjáið þenna Tractor, eða skrifið eftir öllum upplýsingum til

T. G. PETERSON, 961 Sherbrooke St., Winnipeg.

Læknar Gigt, Útbrot og Magasjúkdóma



Innihald 7 oz. Verð 75 cent



Innihald 1 1/4 oz. Verð 50 cent



Innihald 4 1/2 oz. Verð 25 cent

The Spring Saline Water

Little Lake Manitou

Salt það, sem unnið er úr vatni þessu, inniheldur ellefu mismunandi tegundir af læknandi saltfnum, og er frá náttúrunnar hendi sú lang-beta tegund, sem þekzt hefir í veröldinni. — Það bregzt aldrei í því að lækna. —

Fjöldi manna og kvenna hefir hlotið fullkomna heilsubót með því að nota meðöl vor, enda er tilgangurinn einungis sá með þessum meðölum, að hjálpa lifðandi fólki. — Meðölin fást hjá öllum lyfðölum og matvörukaupmönnum.

Standard Remedies Limited

Winnipeg -- Manitoba.

fagurt í franski menningu er að visu að rekja til Grikka—Frakk-ar eru miklu grískari þjóð. en menn hafa gert sér grein fyrir — og margt til Franka og annara þjóðverja; en þó mun frá Noregi vera ættað mest það þar er glæsi legast. Bandaríki Ameríku verður einnig að minna á í þessu sam-bandi. Af Norðurlandættum munu stofendur þeirra hafa verið mest.

Menn hafa í þessum löndum gleymt af mjög göfgum forfedr-um. Gleymt tungu þeirra. Ekki skilið eins og þurfti, að þessari ætt frá Norðurlöndum var ætlað að fara um alla jörð, kenna mannkyn-

inu málið betur en áður, og koma því á rétta leið; ná þar fram til vizku, sem jafnvel hin indverska speki hafði lent í draumórum. Vér á Norðurlöndum verðum að eiga upptökin að því, að menn fari nú að stefna réttar. Og þar mun koma, að stórmenni um alla jörð, mun telja það sjálfsgæða ætttrækni að kunna hið forna mál, og finna að slíkt horfir 'eigi einungis til sóma, heldur einnig til nytsemdar.

Helgi Pétursson.

—Lögrétta.

Steinolíu framleiðsla Bandaríkjanna.

Árið 1918 voru unnin úr jörðu í Bandaríkjunum 345 milljón fót

af steinolíu eða 10 milj. meira en árið áður. Út voru flutt 5 milljón fót en inn 36 1/2 milljón — mest-megnis frá Mexico. Framleiðalan hefir árstaklega aukist í Californíu, nefnilega úr 93 milj upp í 101 milj. síðastl. ár, og er það að þakka nýfundnum lindum við Montebello í Los Angeles héraðinu. Í Texas hafa einnig fundist nýjar lindir og olíubrunnum hefir fjölgað þar um 60 síðan í hitt eð fyrri. Í Klettafjöllum hafa einnig fundist nýjar lindir, m. a. í Wyo-ming. Í Oklahoma og Kansas hefir framleiðalan minkað úr 155 milj. niður í 140 milj. þó. Þar eru gömlu lindirnar að þrjóta, en engar hafa fundist nýjar.